



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir móttökustöð fyrir úrgang, bifreiða- og vélaverkstæði, bílaþvottastöð, handvirka og olúgeyma til eigin nota að Gufunesvegi 10, F2038476, matshlutar 01, 03, 04 og 05.

Nafn leyfishafa: SORPA bs.

Heimilisfang: Köllunarklettsvegur 1

Póstnúmer: 104

Kennitala: 510588-1189

Útgáfudagur leyfis: 23. janúar 2025

Gildir til: 23. janúar 2030

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir móttökustöð Sorpu í Gufunesi, Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Starfskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði og Starfsskilyrðum fyrir bón og bílaþvottastöðvar.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 23. janúar 2025





**Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir**

## **Sorpa bs.**

**vegna móttökustöðvar fyrir úrgang, bifreiða- og vélaverkstæði, bílaþvottastöð handvirka og olúgeyma til eigin nota í starfstöð fyrirtækisins að Gufunesvegi 10.**

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

|                                                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|-------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Dags. umsóknar</b>                                       | 06.06.2024                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| <b>Rekstraraðili, kt.</b>                                   | Sorpa bs. kt. 510588-1189                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <b>Heiti fyrirtækis</b>                                     | Sorpa                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| <b>Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.</b> | Gufunesvegur 10, F2038476, matshlutar 01, 03, 04 og 05.                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| <b>Tegund starfsemi</b>                                     | Móttökustöð fyrir úrgang, bifreiða- og vélaverkstæði, bílaþvottastöð handvirk, olúgeymar til eigin nota - sjá töluliði 8.6, 7.4 og 7.12 í viðauka X í reglugerð nr. 550/2018.                                                                                                                                            |
| <b>Tilefni umsóknar</b>                                     | Endurnýjun starfsleyfis                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| <b>Umsögn skipulagsfulltrúa</b>                             | Umsögn dags. 12.09.2024, sjá fylgiskjal – Starfsemi í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag. Gert er skipulagsleg athugasemd við erindið. Samræmist ekki framtíðarnotkun svæðisins og því ekki hægt að veita starfsleyfi til 12 ára. Ekki er gerð athugasemd við að veita tímabundið starfsleyfi til 5 ára. |
| <b>Umsögn byggingarfulltrúa</b>                             | Umsögn dags. 03.09.2024, sjá fylgiskjal - Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemd við að Heilbrigðiseftirlitið endurnýji starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi í móttökustöð fyrirtækisins að Gufunesvegi 10, F2038476, rými 01 0101. Húsnæðið heimilar þessa notkun.                                                      |
| <b>Dags. auglýsingar á móttöku umsóknar um starfsleyfi</b>  | Móttaka umsóknar auglýst 15.07.2024 á vefsíðu HER <a href="https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi">https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi</a>                                                                                                    |



|                                                              |                                                                                                                                                                                                                                                                              |
|--------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Dags. birtingar auglýsingar – frestur til athugasemda</b> | Tillaga að starfsleyfi auglýst 16.12.2024 á vefsíðu HER <a href="https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu">https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu</a><br>frestur til athugasemda til 16.01.2025. |
| <b>Athugasemdir sem bárust</b>                               | Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi                                                                                                                                                                                                                |
| <b>Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla</b>             | 1814 afgreiðslufundur HER 23.01.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 5 ára (23.01.2030) í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa.                                                                                                                                           |

### 1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi fyrir starfseminni barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Móttaka á umsókn var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu>. Í tillögunni var lagt til að um starfsemina giltu almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði, starfsskilyrði fyrir bón- og bílaþvottastöðvar og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir móttökustöð Sorpu í Gufunesi.

### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

### 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

### 6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).



Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn tekin fyrir á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sbr. upplýsingar um afgreiðslu í töflu.

## **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík 7, apríl 2025.


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.




Reykjavík, 12. september 2024  
USK24080297

## Gufunesvegur 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / Endurnýjun á starfsleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. ágúst 2024 var lagður fram tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 27. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Sorpa bs. um endurnýjun á starfsleyfi fyrir móttökustöð Sorpu að Gufunesvegi 10. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag og til gildistíma starfsleyfis en starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eru að jafnaði gefin út til 12 ára.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin 14 lóðnaðarsvæði Gufunesi.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 9. mars 1999 ásamt síðari breytingum.

*„Þann 13. desember 2018 var samþykkt í Borgarráði nýtt deiliskipulag af fyrsta áfanga, 6,9 hektara svæði, nýs hverfis í Gufunesi í samræmi við niðurstöður í hugmyndasamkeppni. Gerð er ráð fyrir að seinni áfangar fari fljótlega af stað í skipulagsvinnu. Annar áfangi nýs hverfis yrði þar sem starfsemi Íslenska Gámafélagsins er í dag, en síðasti áfanginn yrði á lóð Sorpu. Tímasetningar fyrir þriðja og síðasta áfanga liggja ekki fyrir enda Sorpa með lóðarleigusamning í gildi.“*

### Umsögn/ Niðurstaða

Starfsemi Sorpu er í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag. Hins vegar gerir framtíðarsýn fyrir Gufunes ráð fyrir íbúðarbyggð á svæðinu í áfanga 3. Sorpa er því víkjandi starfsemi á svæðinu.

Gert er skipulagsleg athugasemd við erindið. Samræmist ekki framtíðarnotkun svæðisins og því ekki hægt að veita starfsleyfi til 12 ára. Ekki er gerð athugasemd við að veita tímabundið starfsleyfi til 5 ára.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hrönn Valdimarsdóttir



**Reykjavík**



verkefnastjóri



**Reykjavík**



## Starfsleyfis skilyrði fyrir móttökustöð SORPU í Gufunesi

### 1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Sorpu bs. kt. 510588-1189, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun á úrgangi, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Um starfsemina gilda einnig eins og við á almenn starfsleyfis skilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, starfs skilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði og starfs skilyrði fyrir bón og bílapvottastöðvar.
- 1.2 Starfsleyfið gildir fyrir starfsemi rekstraraðila við Gufunesveg 10 í Gufunesi (F2038476, matshlutar 01, 03, 04 og 05). Starfsemin felst í móttökustöð fyrir úrgang (móttaka og meðhöndlun á úrgangi), bifreiða og vélaverkstæði, þvottastöðu fyrir bíla og olúgeymum til eigin nota sbr. töluliði 8.6, 7.4, 7.12 og 7.8 í viðauka X í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- 1.3 Gildistími er til 23. janúar 2030.
- 1.4 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.5 Endurskoða skal starfsleyfi að jafnaði á 3. ára fresti. Heimilt er að endurskoða starfsleyfis skilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. í rg. 550/2018.
- 1.6 Um endurskoðun á starfsleyfis skilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.7 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfis skyldri starfsemi fer skv. 57. gr. í rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfstöðinni. Eintak af starfsleyfisaskilyrðunum skal ávallt vera tiltækt á vinnustaðnum og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.11 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## 2. Móttaka úrgangs

- 2.1 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku og meðferð úrgangsefna allt að 150.000 tonnum á ári. Flokkun, meðhöndlun og ráðstöfun úrgangs skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgagns og reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er.
- 2.2 Heimilt er að taka á móti og meðhöndla allan úrgang sem ekki flokkast sem spilliefni samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil.
- 2.3 Rekstraraðila er heimilt að taka á móti litlu magni af spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum enda verði ekki um aðra meðhöndlun að ræða en söfnun og geymslu til skamms tíma.
- 2.4 Rekstraraðila er heimilt á grundvelli starfsleyfis þessa að taka á móti magni úrgangs í úrgangsflokkum eins og fram kemur í töflu 1. Í töflunni kemur fram heimilt heildarmagn úrgangsflokka á ársgrundvelli og hámark í hverjum úrgangsflokki sem hafa má á athafnasvæðinu hverju sinni.



| Tafla 1. Úrgangsflokkar og magntölur samkvæmt starfsleyfi. |                             |                                        |              |
|------------------------------------------------------------|-----------------------------|----------------------------------------|--------------|
| Úrgangsflokkur                                             | Magn á ársgrundvelli (tonn) | Hámarks magn á lóð hverju sinni (tonn) | Athugasemdir |
| Óendurvinnanlegur úrgangur til urðunar                     | 80.000                      | 150                                    |              |
| Málmar                                                     | 1.400                       | 100                                    |              |
| Plast                                                      | 16.000                      | 1.000                                  |              |
| Pappír                                                     | 25.000                      | 2.000                                  |              |
| Grófur úrgangur                                            | 16.000                      | 1.500                                  |              |
| Timbur og timburkurl                                       | 5.000                       | 100                                    |              |
| Raftæki                                                    | 500                         | 50                                     |              |
| Textíll                                                    | 2.500                       | 200                                    |              |
| Gler                                                       | 1.000                       | 120                                    |              |
| Lífrænn og fituríkur úrgangur                              | 2.500                       | 200                                    |              |
| dýrahræ                                                    | 100                         | 15                                     |              |

- 2.5 Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem sendur er til endurnotkunar, endurnýtingar, endurvinnslu eða förgunar á urðunarstað. Þegar vart verður við spilliefni í úrgangi í móttökustöðinni skal þeim safnað sér og skilað til spilliefnamóttöku sem leyfi hefur til móttöku. Rekstraraðili skal hafa verklagslýsingu sem tryggir rétta meðferð spilliefna.
- 2.6 Heimilt er að taka á móti stöðugum óvirkum spilliefnum sem fullnægja viðmiðum um móttöku sem settar eru í viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Eingöngu er heimilt að móttaka og geyma ofangreind spilliefni til skamms tíma og skal þeim komið reglulega til spilliefnamóttöku með gilt starfsleyfi. Önnur meðhöndlun er ekki heimil. Rekstraraðili skal semja verklýsingu m.t.t. mengunarvarna, sbr. einnig lið 2.4 og senda Heilbrigðiseftirlitinu til samþykktar.
- 2.7 Heimilt er að taka á móti raftækjum og koma þeim áfram til móttökustöðvar með leyfi fyrir meðhöndlun raftækja. Fjarlægja má rafhlöður úr raftækjum. Eiga má við raftæki til að auðvelda við flutning, t.d. losa hluta svo að raftæki þakkest



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

auðveldar. Ekki má þó eiga við eða fjarlægja hluta sem að innihalda spilliefni án starfsleyfis frá Umhverfisstofnun fyrir meðhöndlun spilliefna.

- 2.8 Heimilt er að taka á móti fituríkum úrgangi úr fituskiljum í aðstöðu sem er á lóð athafnasvæðis. Vatn er skilið frá fituríka úrganginum og fitan fer til frekari vinnslu eða förgunar.
- 2.9 Heimilt er að taka á móti aukaafurðum dýra til tímabundinnar geymslu sbr. starfsleyfi Matvælastofnunar.
- 2.10 Berist dýrahæ sem eru eða grunur leikur á að séu sóttmenguð skal móttaka þess vera í samráði við Matvælastofnun. Hafa skal samráð við Heilbrigðiseftirlit og það upplýst um slíka móttöku, þó er ekki þörf á að upplýsa Heilbrigðiseftirlit ef rekstraraðila berst t.d. stakt fuglshæ þar sem grunur eða staðfesting er um fuglaflensu nema sérstök ástæða þyki til. Skrá skal móttöku dýrahæja sem eru eða grunur leikur á að séu sóttmenguð sbr. gr. 8.1.
- 2.11 Gæta skal að því að ekki verði uppsöfnun á lífrænum úrgangi í móttökustöðinni. Slíkum úrgangi skal komið sem fyrst til frekari meðhöndlunar hjá móttökustöð með leyfi fyrir móttöku á lífrænum úrgangi til að forðast að hann valdi lyktarónæði í umhverfi starfseminnar.

### 3. Athafnasvæði og umgengni

- 3.1 Rekstraraðili skal halda ytra umhverfi snyrtilegu og gæta hreinlætis í hvívetna. Rekstraraðili skal reglulega og ekki sjaldnar en á 3. mánaða fresti hreinsa athafnasvæði af úrgangi sem hefur fokið til eða borist að girðingum eða út fyrir þær.
- 3.2 Koma skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá athafnasvæði rekstraraðila. Úrgang sem getur fokið eða gefið frá sér ólykt skal að jafnaði meðhöndla innandyrna, nema til komi sérstakar ráðstafanir sem komi í veg fyrir ónæði og mengun, t.d. girðingar, skjólveggir eða ráðstafanir sem koma í veg fyrir lyktarmengun.
- 3.3 Úrgangi sem geyma þarf utandyra skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
- 3.4 Fara skal með allan úrgang sem berst til rekstraraðila til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar þannig að tryggt sé að það valdi ekki ónæði eða óþrifnaði.
- 3.5 Rekstraraðili skal lágmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu. Framvísa skal gildum samningi við meindýraeyði og skulu eftirlitsskýrslur



## 4 Fráveita

- 4.1 Allt fráveituvatn frá móttökuhúsi skal hreinsað í hreinsivirki áður en það er losað í fráveitukerfi Reykjavíkurborgar. Útisvæði þar sem meðhöndlaður er úrgangur sem mengað getur frárennsli skulu lögð bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn þaðan hreinsað í hreinsivirkinu áður en það er losað í fráveitukerfi.
- 4.2 Tæma skal hreinsivirki eftir þörfum og tryggja að úrganginum sé fargað með viðurkenndum hætti. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar.
- 4.3 Við hreinsivirki skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og óæskileg efni fara í niðurföll.
- 4.4 Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli frá hreinsivirkinu skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá vinnusvæðum kann að berast.
- 4.5 Ísogsbúnaður eða annar búnaður til hreinsunar á spilliefnum skal vera tiltækur verði óhapp með spilliefnum.

## 5. Hávaði, lykt og annað ónæði

- 5.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni.
- 5.2 Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 5.3 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að ónæði eða heilsuspillandi áhrif verði af völdum lyktar eða mengunar.
- 5.4 Lífrænan úrgang, annan en um getur í gr. 2.8 og 2.9 skal einungis meðhöndla og geyma innandyrar til að draga úr mögulegri lykt frá úrganginum. Slíkan úrgang skal flytja sem fyrst til frekari vinnslu sbr. einnig gr. 2.11.
- 5.5 Rekstraraðili skal hafa tiltækan búnað til að draga úr lyktarónæði, s.s. vökva með lyktareyðandi efnum, ef lykt frá starfseminni veldur ónæði og kvartanir berast.

## 6 Mengunarvarnir

- 6.1 Rekstraraðili ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fáanlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, og nýta skal orku vel. Þegar aðferðum er beitt við



mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal viðtæka umhverfisvernd.

- 6.2 Rekstraraðili skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlitið eins fljótt og auðið er komi til meiriháttar óhapps t.d. ef mengunarefni berast út í umhverfið sem gætu stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis. Einnig ef ófyrirsjáanlegar aðstæður leiða til rekstrarstöðvunar. Þegar í stað skal grípa til aðgerða til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og kalla til Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Í þeim tilvikum sem lög kveða á um skal einnig tilkynna mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar.
- 6.3 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðila í Gufunesi sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, skal rekstraraðili koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út. Rekstraraðili ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.
- 6.4 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 6.5 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Viðbragðsáætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 6.6 Rekstraraðili skal hafa tiltækan ísogsbúnað eða annan mengunarvarnarbúnað til að takast á við minni mengunaróhöpp a.m.k. á bifreiða- og vélaverkstæði, í móttökustöð og í efnageymslu. Uppsogsgeta skal taka mið af magni mengandi efna á hverjum stað.
- 6.7 Um geymslu á olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum og útbúnað við olíugeyma skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og starfsskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði.

## 7 Tryggingar

- 7.1 Rekstraraðili ber að taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði



16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda og tölulið 12 í viðauka í lögunum.

### 8 Innra eftirlit og skráningar

- 8.1 Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti sbr. töflu 1 og í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 1060/2016. Skrá skal tegundir, magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef við á, vinnsluaðferðir og ráðstöfun úrgangsins.
- 8.2 Rekstraraðili skal skrá allar kvartanir sem honum berast vegna starfseminnar, ástæður kvörtunar, hvaðan kvörtun berst og viðbrögð við kvörtun.
- 8.3 Rekstraraðili skal mæla mengunarefni í frárennsli frá hreinsivirki móttökustöðvarinnar í Gufunesi, samkvæmt mælingaáætlun í **töflu 2**.

**Tafla 2.** Mælingaáætlun fyrir fráveituvatn

| Mælipáttur                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Tíðni                                                     |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------|
| Rennsli                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Stöðugar mælingar yfir vinnsludag þegar sýnataka fer fram |
| Hitastig, sýrustig, leiðni, heildarmagn svifagna, súrefnispörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS),<br><br>olía/fita, ammóníak ( $\text{NH} / \text{NH}^+$ ) nítrat ( $\text{NO}^-$ ),<br><sub>3</sub> <sub>4</sub> <sub>3</sub><br><br>köfnunarefni ( $\text{N}_{\text{heild}}$ ), fosfór ( $\text{P}_{\text{heild}}$ ), lífræn halogensambönd (AOX), blý (Pb), kvikasilfur (Hg),<br><br>kadmíum (Cd) | Einu sinni á ári fyrir 1.október                          |

- 8.4 Taka skal sýni af fráveituvatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.
- 8.5 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur krafist frekari hreinsunar á frárennslinu ef mælingar mengunarefna sbr. grein 8.1 gefa tilefni til.
- 8.6 Tíðni mælinga og umfang þeirra skulu endurskoðuð, ef rekstraraðili og Heilbrigðiseftirlitið telja ástæðu til.
- 8.7 Fráveituvatn skal uppfylla losunarmörk sem tilgreind eru í töflu 2.



**Tafla 2.** Losunarmörk fyrir fráveituvatn.

| Mælipáttur                                 | Styrkur  |
|--------------------------------------------|----------|
| Lífrænt efni sem COD, mg O <sub>2</sub> /L | 1000*    |
| Svifagnir, mg/L                            | 500*     |
| Olía og fita (óskautuð), mg/L              | 100*     |
| Hitastig, °C                               | 35*      |
| Sýrustig, pH                               | 6,5 -10* |
| Kvikasilfur, mg/L                          | 0,03     |
| Kadmíum, mg/L                              | 0,15     |
| Blý, mg/L                                  | 0,2      |

\* Meðaltal fyrir vinnsludag.

8.8 Fari mælipáttur yfir losunarmörk skal mæling á honum endurtekin til staðfestingar á niðurstöðu.

8.9 Rekstraraðili skal hafa reglulegt innra eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal eftirfarandi og skulu skráningar vera aðgengilegar Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hvenær sem er:

8.9.1 Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr.gr. 2.4.

8.9.2 Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 6.2 og 6.3.

8.9.3 Rekstur fráveitukerfis, s.s. eftirlit, viðhald, tæmingar, förgun úrgangsefna sem safnast fyrir í hreinsivirki og niðurstöður efnagreininga, sbr. gr. 4.2 og 8.1.

8.9.4 Meindýravarnir, s.s. forvarnir, tilfelli er meindýra verður vart og aðgerðir, sbr. gr. 3.5.

8.10 Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila skýrslu með samantekt skráninga sbr. gr. 8.7 fyrir síðasta almanaksár til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Einnig skal senda Umhverfisstofnun skráningar skv. lið 1 sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar upplýsingar.

## 9 Verkstjórn

9.1 Starfsemi í starfstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfi þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og



reglugerðum sem um starfsemina gilda.

- 9.2 Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöð. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 9.3 Verktaka sem annast verk fyrir rekstraraðila við flutning og aðra meðhöndlun úrgangs skulu hafa tilskilin leyfi.

## 10 Starfsemi hætt

- 10.1 Flytji starfsemin eða leggst niður skal koma öllum úrgangi til viðurkenndra móttökustöðva.
- 10.2 Við lok starfsemi ber rekstraraðila að hreinsa lóðina. . Hreinsun skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlitið og telst ekki lokið þar til úttekt heilbrigðiseftirlits hefur farið fram
- 10.3 Flytji starfsemin eða leggst niður skal Heilbrigðiseftirlit vinna frummat á mengun á lóðinni í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- 10.4 Gefi niðurstaða frummats tilefni til, skal rekstraraðili að vinna áhættugreiningu með tilliti til mengunar á jarðvegi á lóðinni sbr. gr. 10 í rg. nr. 1400/2022. Gefi niðurstaða áhættugreiningar tilefni til skal henni fylgja tímasett áætlun um hreinsun eða förgun mengaðs jarðvegs.
- 10.5 Senda skal niðurstöðu áhættugreiningar til heilbrigðiseftirlits þegar hún liggur fyrir.

# Starfsskilyrði fyrir bón- og bílaþvottastöð

*Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.*

*Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.*

## 1. UMGENGNI Á LÓÐ

|     |                                                                                                                                                                        |                                 |
|-----|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------|
| 1.1 | Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slysa hættu eða hættu á mengun í jarðvegi. | 737/2003<br>941/2002<br>14. gr. |
| 1.2 | Bifreiðum, tækjum og öðrum munum skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.                                                                              | 737/2003<br>16. og 18. gr.      |

## 2. FRÁVEITA

|     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Rgl.nr.                                  |
|-----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|
| 2.1 | Á bón- og bílaþvottastöðvum skal vera olíu- og sandskilja við frárennsli í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Búnaðurinn skal samþykktur af heilbrigðisnefnd.                                                                                                                                                                  | 798/1999<br>5.gr.                        |
| 2.2 | Frárennsli frá öllum nýjum og endurbættum bón- og bílaþvottastöðvum skal vera tengt sandskilju og samrunaolíuskilju. Allar nýjar og endurnýjaðar olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli og taka sýni úr frárennslinu ef nauðsyn krefur. | 884/2017<br>51. Gr<br>798/1999<br>5. gr  |
| 2.3 | Olíuskilju og sandfang skal skoða reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olíuskilju og sandfang skal tæma eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.                                                                                                                                                 | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017<br>gr. 51 |
| 2.4 | Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á bílum og gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa. Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur atvinnuhúsnaðis.                                                                                                  | 798/1999,<br>5. gr.                      |

|     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                                                            |
|-----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| 2.5 | Ekki er heimilt að úða tjöruhreinsi eða öðrum hreinsiefnum utandýra eða við aðrar þær aðstæður þar sem það veldur mengun eða óþægindum í umhverfi.                                                                                                                                                                                                                                           | 787/1999<br>5. gr                                                          |
| 2.6 | Þar sem hættu er á að fljótandi efnavara fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.                                                                                                                                                                                                                                                             | 798/1998<br>5. gr.<br>884/2017<br>63. gr                                   |
| 2.7 | Staðsetja skal ílát undir fljótandi efnavöru, þ.m.t. þvottaefni og tjöruhreinsi, í þróum eða lekabyttum innandýra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef fljótandi efnavara er geymd utandýra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandýra. | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017<br>43. gr., 50<br>gr.<br>809/1999 7.<br>gr. |

**Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

# Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

## 1. UMGENGNI Á LÓÐ

|                                                                                                                                                                            | Rgl.nr.                         |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------|
| 1.1 Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slysa hættu eða hættu á mengun í jarðvegi. | 737/2003<br>941/2002<br>14. gr. |
| 1.2 Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.         | 737/2003<br>16. og 18.<br>gr.   |

## 2. FRÁVEITA

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Rgl.nr.                                   |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------|
| 2.1 Hafa skal olíuskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Senda skal upplýsingar um olíuskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olíuskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli. | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017<br>51. gr. |
| 2.2 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíuskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.                                                                                                                                                                                      | 798/1999<br>5. gr.                        |
| 2.3 Olíuskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olíuskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.                                                                                                                                                                                                               | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017<br>gr. 51. |
| 2.4 Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.                                                                                                                                                                                                             | 884/2017<br>63.gr.<br>798/1998<br>5. gr.  |
| 2.5 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju.                                                                                                                                                                                                                                                                  | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017            |

|     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                    |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|
| 2.6 | Staðsetja skal ílát undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyrna skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyrna. | 43. gr., 50 gr.<br>809/1999 7. gr. |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|

### 3. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

|     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Rgl.nr.                                                   |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------|
| 3.1 | Olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olúsíum má skila með málmúrgangi.                                                                                                                                                                  | 1040/2016 og rgl. nr. 806/1999                            |
| 3.2 | Hjá rekstraraðilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyrna skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma.                                                                                  | 884/2017 809/1999 7.gr. rgl. nr. 1040/2016 806/1999 8.gr. |
| 3.3 | Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.                                                                                                                                                                                                                                                          | 1400/2020                                                 |
| 3.4 | Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum. | 1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 rgl. nr. 1020/2011         |
| 3.5 | Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.                                                                                                                                                                                                                             | 737/2003 og rgl. nr. 806/1999                             |

#### Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.



## **Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi**

### **1. Gildissvið og almenn ákvæði**

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sörpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **3. Meðferð hættulegra efna**

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum.
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4. Meðferð úrgangs og spilliefna**

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
  - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
  - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
  - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
  - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
  - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

## **5. Mengunarvarnir**

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífelfsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

## **6. Eigið eftirlit og skráningar**

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
  - b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
  - d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## **7 Starfsemi hætt**

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.